



Fundargerð

20. fundur stjórnar FRÍ tímabilið 2016-2018, haldinn í C-fundarsal ÍSÍ miðvikudaginn 14. júní 2017.

Mætt: Freyr Ólafsson, Guðlaug Baldvinsdóttir, Fríða Rún Þórðardóttir, Gunnar Svavarsson, Lóa Björk Hallsdóttir, Eiríkur Mörk Valsson og Guðmundur Karlsson framkvæmdastjóri FRÍ.

Formaður setti fund klukkan 16:30 og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fjallað um boðun fundar og rafrænt samþykkt mál bókuð

Boðun og dagskrá fundar, samþykkt.

Fundargerð 19. fundar samþykkt.

Staðfest á milli funda rafrænt, tillaga orðunefndar á viðurkenningum á ársþingi ÍBH, Steinn

Jóhannsson FH silfurmerki. Eirmerki þær Sigurlaug Ingvarsdóttir og Sólveig Kristjánsdóttir FH.

Staðfest á milli funda rafrænt, val á keppendum á Bauhaus Junioren Gala – unglingar, Mannheim, Þýskalandi. 1.–02.07.2017.

2. Afreksstefna FRÍ

Farið yfir drögin af afreksstefnunni í framhaldi af umræðu og kynningu á formannafundi 1. júní sl.

Unnið hefur verið að breytingum á drögum í framhaldi af formannafundinum. Stjórn hefur fengið þau drög til yfirlstrar og skal skila ábendingum eigi síðar en 18. júní. Stjórn samþykkir að senda aðildafélögum drögin til umsagnar. Umsögn skal skilað um miðjan ágúst. Ákveðið að kanna möguleika á að halda aukaárþing í haust til að afgreiða stefnuna, sem myndi þá einnig taka yfir uppskeruhátíð FRÍ og formannafund að hausti.

3. Mótaskrá 2018

Mótaskrá 2018 var kynnt á formannafundi. Engar athugasemdir komu fram. Stjórn samþykkir mótaskrána og mun hún verða send aðildarfélögum auk þess sem hún verður birt á heimasíðu FRÍ.

4. Hlauptu Ísland

Farið yfir þróunarverkefnið „Hlauptu Ísland“. Sagt frá gögnum innanlands og erlendis, hvað hefur gerst milli funda hjá verkefnastjóra auk þess sem rætt er um að eiga fundi með aðilum sem geta lagt þróunarverkefninu lið.

5. Opnir stjórnarfundir

Ákveðið að framkvæmdastjóri skipuleggi opnu stjórnarfundina í samvinnu við heimamenn og settur sé kraftur í það að nýju að ná að heimsækja öll aðildafélögin í heimabyggð með forsvarsmönnum sveitarfélaganna og íþróttasamfélagsins á viðkomandi stað. Stefnt að því að vera búin að ljúka heimsóknum áður en næsti stóri viðburður FRÍ verður sbr. liður 2.

6. Fjármál

Rætt um erindi Fljótshéraðs vegna styrkbeiðni í tilefni að sýningu á Egilsstöðum með hliðsjón af því að 40 ár eru síðan Hreinn Halldórsson varð Evrópumeistari í kúluvarpi. Stjórn FRÍ samþykkir 50.000 kr. styrk til sýningarinnar og lofar framtak sveitarfélagsins til að halda áfanganum á lofti og gildi frjálsra íþróttu. Fulltrúi frá FRÍ mun mæta á viðburðinn.



Gjaldkeri gerði grein fyrir að 5 mánaða uppgjör liggur fyrir. Rekstur er í samræmi við áætlanir.

7. Búningamál

Formaður gerði grein fyrir samning um búninga og frávik. Einnig fjallað um næstu skref og lausnir vegna sumarsins 2017. Ákveðið að nota næstu mánuði til að undirbúa heildarlausnir og ræða við samningsaðila ennfrekar um frávik, sem og að kanna enn frekar framtíðarlausnir.

8. Önnur mál

i. Aðalfundur FRÍ ehf.

Gert grein fyrir aðalfundi FRÍ ehf. sem haldinn var 9.6 sl. Stjórn samhljóða kosin í samræmi við hluthafafund 11.1 sl., en stjórnarmenn í FRÍ gegna stjórnarstörfum. Engin starfsemi í félaginu.

ii. Þjóðarleikvangur.

Tekið fyrir innsendu erindi Vilhjálms Einarsson, silfurverðlaunahafa í þrítökki frá Ólympíuleikunum í Melbourne 1956. Vilhjálmur leggur áherslu á að þjóðarleikvangur fyrir frjálsar íþróttir sé í Laugardal og á Laugardalsvelli. Það sé mikilvægt til að viðhalda íþróttinni og um leið til að geta tekið á móti erlendum gestum með sóma á Laugardalsvelli þar sem vagma frjálsra íþróttar og íþróttasamfélagsins er í Laugardal.

Stjórn FRÍ þakkar Vilhjálmi hvatninguna og tekur undir þau sjónarmið að þjóðarleikvangur frjálsra íþróttar sé nú á Laugardalsvelli og tryggja þurfi sem bestar vallaraðstæður hverju sinni til æfinga og keppni. Stjórn FRÍ áréttar einnig að starfsemi FRÍ og þjóðarleikvangur muni verða áfram á Laugardalsvelli að öðrum kosti í Laugardal svo fremi sem sameiginlegur vilji Reykjavíkurborgar og ríkisins, mennta- og menningarmálaráðuneytis, standi til að fjárfesta í nýjum glæsilegum sérhæfðum frjálsíþróttavelli og þjóðarleikvangi frjálsra íþróttar í Laugardal. Slíkar yfirlýsingar stjórnvalda hafa ekki komið fram og mun FRÍ því áfram, hér eftir sem hingað til, stuðla að sem bestri samvinnu hagsmunaaðila, góðri samvinnu við stjórnvöld og faglegastri umgjörð þjóðarleikvangsins á Laugardalsvelli þannig að sómi sé að fyrir frjálsar íþróttir á Íslandi.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl.18:34.

Ritun fundargerðar: Gunnar Svavarsson.